
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2007-06
Fundartími: Þriðjudagur 26. júní 2007 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Endurreikningur raforkuspár.
2) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Ívar Þorsteinsson
Gunnar Aðalsteinsson
Agnar Árnason
Sigurður Ágústsson
Íris Baldursdóttir
Ásgeir Sigtryggsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi: Pétur E. Þórðarson

- 1) IB fór yfir uppkast að skýrslu um endurreikning raforkuspár sem sent hafði verið til fundarmanna fyrir fundinn. Hann sagðist vera að ganga frá viðauki 4 og væri hann því ekki með í skjalinu. Íris spurði hvernig notkun vinnslufyrirtækja væri áætluð. JV sagði að tekið væri sérstaklega tillit til nýrra virkjana sem væru að koma í notkun eins og Kárahnjúkavirkjunar. Annars væri aukningin í eigin notkun hlutfallsleg og væri miðað við 1% aukningu á ári. Ákveðið var að sleppa töflu 2 með notkun líklegra stóriðjufyrirtækja. Íris bað um að tafla 1 um notkun stóriðju yrði send til Eggerts hjá LV til staðfestingar. Einnig var ákveðið að setja inn í Ritaskrá þær fréttatilkynningar eða blaðagreinar sem gögn svo sem um nýja stóriðju hafa verið fengin úr. Einnig komu ýmsar fram ýmsar athugasemdir við orðalag. IB og JV var falið að ganga frá skýrslunni og koma í útgáfu í samvinnu við Orkustofnun.
- 2) IB sagði að gögn þyrftu að koma fyrir á næsta ári til að það gengi að ganga frá endurreiknaðri spá fyrir sumarfrí. Hér er um að ræða aflagögnin og notkunarflokkana. Nokkur umræða varð um þetta og talið að aflagögnin ættu að komast í gott horf á næstu árum en nokkuð mál gæti verið um næstu áramót þar sem það verður í fyrsta skipti sem gögnin eru fengin frá Netorku og nokkurn tíma gæti tekið að fá allar skilgreiningar réttar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur skv. áætlun er 2. október kl 13:30. Fundi slitið kl 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var og dreift fyrir fundinn:

- Raforkuspá 2007-2030. Endurreiknuð spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. Uppkast.